í dag í dag í dag

Flaug í gær til Hafnar

Í gærmorgun flaug Ragnar Bjarnason til Kaupmannahafnar með Flugfélagi Íslands, þar mun hann syngja inn á fáeinar hljómplötur. Fréttamaður blaðsins frétti af þessu á sunnudagskvöldið og brá sér niður á Borg til að hitta Ragnar. Ekki gekk vel að ná sambandi við hann þar sem hann var með allan hugann við að syngja fyrir gestina.

Eftir að hafa beðið litla stund kom hann og sagðist fús til að segja það sem fréttamaður vildi fá að vita, „annars er ekkert merkilegt við það þótt maður fari til Kaupmannahafnar"

— Fyrir hvaða hljómplötufyrirtæki ferð þú út, Ragnar?

— Ég syng inn á plöturnar fyrir Drangey.

— Hvað syngur þú inn á margar plötur?

— Ég ætla að syngja inn á tvær plötur, 45 snúninga.

— Hvað heita lögin sem þú syngur?

— Biddu nú við .... eitt heitir Ringa ringa laryo, ananð er cha-cha-cha lag, sem er eftir mig, ég man ekki hvað það heitir; nú svo eru það ... nei, heyrðu annars ég man hreint ekki hvað restin er, það gerir heldur ekkert til, þú ferð ekkert að skrifa þetta.

Fyrsta ferðin út til að syngja á plötu

— Er það satt að þetta sé þín fyrsta ferð út til að syngja inn á plötur?

— Jú, ég hef alltaf sungið hér heima þar til nú. Það er auðvitað ekki hægt að líkja því saman hve upptökuskilyrði eru mun betri úti í Höfn, þetta eru allt fagmenn í þessu og árangurinn ætti að verða mikið betri. Það sem vantar hér hjá okkur er gott stúdíó og fagmenn í plötuupptöku.

— Hvað ertu búinn að syngja inn á margar plötur um dagana?

— Við skulum bara sjá .... það eru ein ... tvær, þrjár .... fjórar, ætli það séu ekki einhversstaðar á milli átta og tíu plötur.

— Hvaða hljómsveit verður með þér við upptökuna?

— Það er alveg óklárt með hljómsveitina enn, annars verður K.K. samferða mér út í fyrramálið og við finnum einhverja góða hljómsveit þegar út kemur, maður.

— Hvað er Kristján að gera út, er hann eitthvað á þínum vegum?

— Nei, nei, hann fer í privaterindum, annars er hann vís með að aðstoða mig þegar út kemur og það er mjög gott að hafa hann við hliðina.

Verða komnar á markaðinn eftir 3 vikur

— Hvenær heldur þú að plöturnar verði komnar á markaðinn hér, Ragnar?

— Þær verða komnar eftir svona þrjár vikur, eitthvað þar um bil.

— En hvenær kemur þú aftur heim?

— Einhvern tíma um páska, ekki fyrr?

— Ætlar þú nokkuð að syngja úti á skemmtistöðum?

Ja, það veit ég ekki, ef ég fæ tilboð um að syngja á einhverjum skemmtistað, þá veit maður aldrei hvað maður gerir.

Nú var Ragnari ekki lengur til setunnar boðið. Björn R. gefur merki um að hann verði að koma upp á pallinn og halda áfram að syngja: — Þetta er jú síðasta kvöldið í langan tíma, nú og fólkið vill fá söng?

Við kveðjum þá félaga og óskum Ragnari góðrar ferðar út. — Ætlið þið ekki að koma út á völl í fyrramálið og kveðja mig: — Nei, vinur. Við erum svo voðalega morgunsvæfir þarna á Tímanum.

jbm.



RAGNAR — eitt lag eftir mig.

úr öðrum löndum úr öðrum löndum

Stóra systir með litla bróður



Hér sést Anna prinsessa í Bretlandi með hann litla bróður sinn, Andrew Albert Christian Edward í fanginu. Þetta er ein fyrsta „opinbera" myndin, sem tekin hefur verið af nýfæddu prinsinum í Buckinghamhöll og send blöðunum.

Mikill árangur

Hægt er að lýsa hlutunum á margan hátt. — Skíðamenn munu kannske minnast þess, að Toni Sailer hinn austurríski, var á ferðalagi fyrir ári í Japan, og varð fyrir tilbeiðslu, sem ekki gaf neitt eftir þeirri lotningu, sem keisaranum var sýnd á sínum tíma.

Einn af ferðamálasérfræðingum Japans, Koshigawa, hefur nú skýrt frá þýðingu þeirri, sem heimsókn hans hafði, og hann gerir það á eftirfarandi hátt:

„Heimsókn Toni Sailers hefur á næstum því undraverðan hátt aukið áhuga Japana á skíðaíþróttinni. Við getum nú reiknað með sextíu prósent fleiri skíðaslysum en áður en Sailer kom í heimsókn".

Óánægður með kynninguna

Lögreglan í Havana lýsti nýlega eftir glæpamanninum Jorge Velez á myndskreyttum auglýsingaspjöldum.

Velez líkaði alls ekki við myndirnar af sér, svo að hann skrifaði lögreglustjóranum og sagðist vera hundóánægður með myndirnar af sér, hann væri miklu laglegri.

Eg er heldur ekki 1,71 m. á hæð, sagði hann, heldur 1,81 m. Verið svo vinsamlegur að útbúa ný spjöld með þessum upplýsingum og meðfylgjandi mynd.

Andróður gegn „þumalfingrinum"

Leynilögreglumaður nr. 1, yfirmaður bandarísku leyni þjónustunnar F.B.I., Egdar Hoove, hefur hafið auglýsingaherferð um öll Bandaríkin gegn því að fólk ferðist „á þumalfingrunum". — Á auglýsingaspjöldum þess um er mynd af ferðalang, sem réttir upp þumalfingur, en á bak við hann sést haus kúpa. Fyrir neðan standa þessi orð: Leiktu þér ekki með lífið. Er þessi maður kátur ferðalangur, glæpamaður, góður ferðafélagi, eða kynferðisafbrotamaður, — eða samvizkulaus morðingi? Ef þú tekur göngumann upp í bíl þinn, hættir þú lífi þínu og þinna nánustu. Gerðu það ekki!"

Rómversk harmsaga

Hér kemur rómversk harmsaga: Marchel Boggiano Pico, maðurinn, sem bjarg aði Róm frá eyðileggingu á styrjaldarárunum, — er nýlega látinn í sárri fátækt, 78 ára gamall.

Pico, sem eitt sinn var vellauðugur liðsforingi í ítalska flotanum, fór með aðalhlutverkið í samningum milli Piusar XII. og Kesselring marskálks, sem leiddi til þess, að Róm var lýst „opin borg", og hvorki gerðar prengjuárásir á hana af Þjóðverjum eða Bandamönnum.

Síðast lifði hann á eftirlaunum sínum og reyndi að drýgja þau með því að selja málverk og listaverk.

Nú þegar hann er látinn, eru ekki einu sinni til peningar til að sjá um sómasamlega jarðarför. Á kistu hans lá aðeins lítill vöndur frá hreingerningakonunni í húsi því, sem hann bjó í í ellinni.

Kallaðu hann Il Duce

Eins og endurminningar hennar bera með sér, þá telur Rachel Mussolini eigin mann sinn fyrrverandi, eitt hvert mesta mikilmenni sem uppi hafi verið Þetta fékk Umberto uppgjafakonungur að heyra, er hann var nýlega á Spáni og hitti þar hina skrafhreifu ekkju, sem einnig var á ferðalagi á Spáni.

Það fór vel á með þeim, þangað til Umberto sagði: Eg fullvissa yður um, að mér verður oft hugsað til mannsins yðar sáluga.

Þá sagði Rachel kuldalega: Talaðu ekki svona um hann. Kallaðu hann Il Duce eins og ég gerði alltaf.

Húsmæður!

Kaupið Hyrnuhölduna

Fæst í öllum mjólkurbúðum